



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Víkurvegur, Borgarvegur – Áframhaldandi undirbúningur og verkhönnun hringtorgs.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á gatnamótum Víkurvegur og Borgarvegur sem hringtorgs, ásamt gerð nýrrar endastöðvar Strætó við Egilshöll.

Greinargerð:

Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi ljósagatnamótum sé breytt í hringtorg. Á núverandi gatnamótum Víkurvegur og Borgarvegur eru hægribeygjuframhjálaup fyrir tvær af fjórum hægribeygjum á gatnamótunum. Öryggi óvarinna vegfarenda er minna þar sem þvera þarf hægribeygjuframhjálaup og auknar líkur eru á aftanákeyrslum milli ökutækja í framhjálaupum miðað við hægri beygjur á umferðarljósum. Samkvæmt upplýsingum úr slysaskrá Samgöngustofu eru slys með meiðslum fleiri á þessum gatanmótum en aðlægum eða sambærilegum gatnamótum. Einnig má sjá nokkurn fjölda slysa án meiðsla sem skiptast nokkuð jafnt milli þess að vera aftanákeyrslur og hliðarárekstrar, sem á þessum gatnamótum verða oftast þegar ekið er til vinstri í veg fyrir bifreið sem kemur á móti.


Nýtt leiðarnet Strætó og fyrirhuguð Borgarlínuleið B gera ráð fyrir endastöð nokkurra leiða almenningssamgöngukerfisins við Egilshöll og nauðsynlegt er að geta snúið vögnum við á þeirri stöð. Með því að breyta gatnamótum Víkurvegur og Borgarvegur er hvoru tveggja hægt að tryggja að einungis þurfi eina endastöð fyrir Strætó í stað tveggja, sitt hvoru megin hringtorgs við innkeyrslu á bílplan Egilshallar, og auka umferðaröryggi á gatnamótunum.

Framkvæmt hefur verið mat á afkastagetu og öryggi mismunandi útfærslna gatnamótanna. Niðurstöður sýna, að einnar akreinar hringtorg er ákjósanlegasti kosturinn með tilliti til afkasta og umferðaröryggis. Unnið hefur verið að forhönnun hringtorgsins í samræmi við þessa niðurstöðu í samvinnu við Strætó. Hugmyndir að hringtorgi á gatnamótunum voru kynntar íbúaráði Grafarvogs þann 2. febrúar síðastliðinn og voru ekki gerðar athugasemdir við breytingar gatnamótanna þar. Ekki er í gildi skipulag fyrir gatnamótin en gert er ráð fyrir að væntanlegt framkvæmdaleyfi yrði grenndarkynnt.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Hringtorg á gatnamótum Víkurvegur og Borgarvegur, forhönnun.



- Skýringar
- Gróður
 - Göngustígur
 - Malbik
 - Biðstöð Stræto
 - Hvildarstaða vagna
 - Nýr kantsteinn
 - Göngupverun

Upplýsingar með forhönnun:

- Gatna- og stigagerð.**
- Nota skal 6cm háan þríkantstein í yfirkeyslu svæði í minna hringtorgi.
 - Halda steypum stéttum í gegnum þveranir gatna við nýtt hringtorg og hafa í götuhæð.
 - Við val á staðsetningum á umferðarskiltum þarf að taka tillit til þess að speglar standa allt að 50cm út frá vögnum. Hafa einnig í huga að það getur verið allt að 1m slag frá afturenda á 15m, tveggja hásinga vögnum.


- Strætóbiðstöð og strætóvasi**
- Staðsetning á inngangi strætóbiðstöðva þarf að taka mið af 18m vagni.
 - Vagnar í hvíld eru nyrst líkt og starfsmannaaðstaða, biðskýli syðst (mögulega verða fleiri en 1 biðskýli, þarf meta samhlíða fjölda uppstiga fyrir þetta svæði).
 - Starfsmannaaðstaða samanstendur af 12ft gámi þar sem gengið er inn frá vesturhlíð og salerni frá gaffi.
 - Framtíðar plássþörf fyrir strætóvasa þarf að taka mið af 24m vagn + 2 stk. x 12m vagnar.
 - Nota skal 20cm strætókantstein þar sem gengið er inn í strætó af strætóstoppið. Þar sem strætó keyrir inn í strætóvasa áður en hann réttir sig af við stoppið má kantsteinn ekki vera hærri en 15cm þar sem hættan er á að undirvagninn getur rekist í kantsteininn. Hæð undir strætó að framan er um 16cm.

- Veitustofnanir**
- Reikna má með að framtíðar borgarlínuvagnar þurfi allt að 400 amper fæðingu fyrir strætóhleðslustöð.

- Götu- og stigalýsing**
- Hafa í huga lýsingu þar sem gengið er inn í strætó ásamt göngupverunum.

Grunnmynd 1:500

S:\2021\216000\BSS\Teiknað\21600_103-ST-F-G-01.dwg



vsó RÁÐGJÖF

Mælt: LA	Breyt: ④	Dags:	Fyrirtæki:	Af:	Víkuvvegur - Borgarvegur
Hannað: JJS	⑤				Forhönnun hringtorgs
Teiknað: JJS	⑥				Yfirborðsfrágangur
Yfirfarið: ÁSK	⑦				Grunnmynd
Samþ.	⑧				Dags: 24.01.2021
					Mkv: 1:500 (A1)
					Tölvuskra: ST-F-G-01
					Nr.: 1.03
					Nr: 21600

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA FRAMKVEMDA OG VIÐHALDS
BORGARTÚNI 12 - 14, 105 REYKJAVÍK
Sími: 411 1111
Fax: 411 8399